

Samkomulag

milli

Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759

og

HLH ehf., kt. 480409-0430

um greiningu á rekstri og stjórnsýslu velferðarsviðs Kópavogsbæjar með

áherslu á málefni fatlaðra

1. gr.

Kópavogsbær felur HLH ehf. að vinna greiningu á rekstri og stjórnsýslu velferðarsviðs Kópavogsbæjar með áherslu á málefni fatlaðra.

2. gr.

Kópavogsbær samþykkir að greiða HLH ehf. gjald sem nemur 27.156 kr. (að meðtöldum vsk.) fyrir hverja klukkustund.

Áætlaður verktími er allt að 500 klst. HLH ehf. skal tilkynna Kópavogsbæ ef fyrir séð er að verktími fari fram úr áætlun, skýra frá ástæðum þess og fá skriflega staðfestingu á því að Kópavogsbær muni greiða fyrir fleiri vinnustundir.

Vinnan skal unnin á tímabilinu febrúar til júlí 2023.

Kópavogsbær greiðir fyrir verkið við samkvæmt sundurliðuðum og útgefnum reikningum á verktíma.

3. gr.

HLH ehf. mun skila skýrslu í verklok, eigi síðar en í lok júlí 2023, sem inniheldur greiningu á rekstri þjónustu velferðarsviðs með áherslu á málefni fatlaðra ásamt tillögum sem miða að því að bæta þjónustu og nýta fjármagn sviðsins með hagkvæmum hætti. Um nánari lýsingu á verkinu er vísað til tilboðs dags. 8.11.2022.

4. gr.

Starfsmenn HLH ehf. undirrita vinnslusamning samhliða samkomulagi þessu og yfirlýsingu um trúnað og meðferð trúnaðarskjala og hugverka fyrir starfsmenn og verktaka.

Verkefni starfsmanna HLH ehf. kunna að fela í sér vinnslu persónuupplýsinga annars vegar um starfsfólk Kópavogsbæjar og hins vegar um íbúa og/eða skjólstaðinga velferðarsvið bæjarins veitir þjónustu. Kópavogsbær telst ábyrgðaraðili vegna vinnslu þeirra upplýsinga. Aðilar leitast við að takmarka alla vinnslu með þessar persónuupplýsingar við það sem kann að reynast nauðsynlegt til þess að tilgangi samningsins verði náð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

hl. 2 hl.
AK

Skilgreining á því hvaða vinnsla HLH ehf. með persónuupplýsingar er heimil kemur fram í vinnslusamningi á milli aðila.

5. gr.

Til að tryggja greitt upplýsingastreymi, góð og gagnkvæm samskipti milli samningsaðila og sem besta þjónustu skulu aðilar tilnefna tengiliði til að annast samskiptin og miðla upplýsingum á milli á meðan verki stendur. Tengiliður af hálfu Kópavogsbæjar er Sigrún Þórarinsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og tengiliður af hálfu HLH ehf. er Haraldur Líndal Haraldsson.

6. gr.

Komi upp ágreiningsmál um framkvæmd samnings þessa skulu aðilar hvor um sig tilnefna einn fulltrúa, sem í sameiningu skulu leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi. Fáist ekki úrlausn ágreiningsins með með hætti þá heyra ágreiningsefni undir Héraðsdóm Reykjaness.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila.

Kópavogi, 6. febrúar 2023

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. HLH ehf.

ÞÓÐIS KRISTJANSDÓTTIR

Har. d. Haraldsson

Vottar:

Haraldur S.
Sigrún Þórarins.

kt. 290485-2909

kt. 2910782149